

Lögmaður áfrýjanda, Einar B. Guðmundsson hæstaréttar-
lögmaður, andmælti greindri kröfu lögmans stefnda.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur fjármálaráðuneytið lýst því
í bréfi, dags. 4. þ. m., hvernig framkvæmd eru ákvæði laga
um ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Lögmönnum aðilja var veittur kostur á að sjá bréf þetta,
en eigi hefur það verið lagt fram í Hæstarétti.

Hér hafa dómendur verið að kynna sér réttarframkvæmd
stjórnsýsluaðilja um tiltekið efni. Er þeim af þeim sökum
hvorki rétt né skylt að víkja úr dómarsæti í málinu.

Ályktarorð:

Framangreind krafa lögmans stefnda, Magnúsar
Thorlaciús hæstaréttarlögmans, er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 28. febrúar 1972.

Nr. 150/1971. **Jarlinn h/f**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

Rafni Kolssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Uppsagnarfræstur. Sjóveðréttur. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýj-
andi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október
1971. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 14. maí
1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Útivistardómur gekk
í því máli hinn 1. október 1971. Áfrýjandi gerir þær dómkröf-

ur, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 38.550.99 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði, sem sé miðaður við þessa fjárhæð. Hann samþykkir, að stefndi eigi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE, og staðfest verði löghald, er fram fór hinn 27. október 1966, hvort tveggja til tryggingar þessum fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis gögn, þ. á m. skýrslur vitna, stefnda og framkvæmdastjóra áfrýjanda fyrir dómi.

Ekki var gerður skriflegur samningur við stefnda um ráðningarkjör hans, eins og fyrir er lagt í 1. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Eigi er sannað, að stefndi hafi upphaflega verið ráðinn til tiltekins tíma. Efni eru ekki til að taka til greina þær málsástæður áfrýjanda, sem reistar eru á 5. og 6. gr. greindra laga. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefndi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests og eigi því rétt á bótum, sbr. 2. og 3. gr. nefndra sjómannalaga. Samkvæmt áritun lögskráningarstjórans í Reykjavík á skipshafnarskrá m/s Jarlsins var stefndi afskráður hinn 1. ágúst 1966. Þessu efni hins opinbera skjals hefur ekki verið hnekk. Eins og öllum atvikum í máli þessu er háttað, sbr. og 5. og 14. gr. laga nr. 67/1961, þykir rétt að miða upphaf uppsagnarfrests stefnda við þennan dag, 1. ágúst 1966, enda verður að telja, að stjórn hans á skipinu frá Kópavogi til Reykjavíkur hinn 20. ágúst 1966 hafi einungis verið tímabundið starf.

Aðiljar eru sammála um, að skuld áfrýjanda við stefnda hafi hinn 20. ágúst 1966 numið kr. 38.550.99, miðað við launagreiðslur til stefnda til þess tíma, en ekki er tölulega vefengt, að laun stefnda frá þeim degi til 1. nóvember 1966 hafi átt að nema kr. 77.789.06 (67.836.04 + 9.953.02).

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 38.550.99 + 77.789.06, samtals kr. 116.340.10,

með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Samkvæmt 2. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar þessum fjárhæðum.

Þá ber og að staðfesta löghald, sem framkvæmt var hinn 27. október 1966 í greindu skipi, til tryggingar þessum fjárhæðum, kostnaði við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðum.

Löghald það, sem framkvæmt var hinn 26. janúar 1967, er fellt úr gildi.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Áfrýjandi, Jarlinn h/f, greiði stefnda, Rafni Kolssyni, kr. 116.340.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. febrúar 1971

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Rafn Kolsson, Kleppsvegi 68, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1966, gegn Jarlinum h/f, Grindavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 139.807.34 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þ. á m. alls kostnaðar vegna löghalds. Þá krefst stefnandi og staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur hinn 27. október 1966, til tryggingar skuldinni, en hann kveður löghald hafa verið gert í m/s Jarlinum, TFEE, sem sé eign stefnda. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir skuldinni í m/s Jarlinum, TFEE, sem muni vera skráður á Flateyri.

Með framhaldsstefnu, dags. 23. nóvember 1966, gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum til viðbótar þeim fjárhæðum, sem krafizt sé í stefnu á dskj. nr. 1, kr. 118.268.30 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað í framhaldssök að mati dómsins. Einnig krefst stefnandi dómsviðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Jarlinum, TFEE, eign stefnda, fyrir skuldinni.

Með annarri framhaldsstefnu á dskj. nr. 7, dags. 1. febrúar 1967, gerir stefnandi sömu dómkröfur og í fyrri framhaldsstefnu á dskj. nr. 6 að því viðbættu, að í hinni síðari framhaldsstefnu krefst hann staðfestingar á löghaldi, sem lagt hafi verið á m/s Jarlinn, TFEE, í fógetarétti Reykjavíkur hinn 26. janúar 1967 til tryggingar skuldinni.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnanda gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 243.174.69, eða kr. 124.906.39 í aðalsök og kr. 118.268.30 í framhaldssök. Þá krefst stefnandi og 1% mánaðarvaxta af kr. 124.906.39 frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags svo og sömu vaxta af kr. 118.268.30 frá 5. nóvember 1966 til greiðsludags. Enn fremur staðfestingar á löghaldi frá 27. október 1966 og 26. janúar 1967 svo og viðurkenningar á sjóveðrétti í aðalsök og framhaldssök í m/s Suðra, áður m/s Jarlinum. Loks er af hálfu stefnanda við munnlegan málflytning krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, þ. á m. alls kostnaðar vegna löghalds.

Af hálfu stefnda voru við munnlegan málflytning gerðar þær dómkröfur í aðalsök, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 31.738.66 og að vextir verði dæmdir 7% ársvextir frá þeim degi, sem krafizt er í stefnu, til greiðsludags og viðurkenndur verði sjóveðréttur og staðfesting á löghaldi fyrir framangreindri upphæð og dæmdur málskostnaður við hana miðaður. Í framhaldssök var af hálfu stefnda við munnlegan málflytning krafizt algerrar sýknu og niðurfellingar á löghaldi í m/s Jarlinum, nú m/s Suðra.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn skipstjóri á m/s Jarlinn 27. október 1965 og var með skipið í förum þar til seint í ágúst 1966. En frá þeim tíma til 5. nóvember 1966 var það í Reykjavíkurhöfn til viðgerðar.

Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, og var hann ráðinn til óákveðins tíma, að því er hann telur, og hafi því borið að segja sér upp starfinu með 3ja mánaða fyrirvara. Hinn 5. nóvember 1966 tók annar skipstjóri við skipinu og fór með það til Færeyja, en daginn áður hafði hinn nýi skipstjóri krafist stefnanda um að afhenda sér lykla að skipinu, sem stefnandi gerði, og kveðst hann hafa skoðað þetta sem uppsögn, enda staðfesti hinn nýi skipstjóri skriflega, að svo væri. Stefnandi kveður skipstjóra eiga rétt á bótum fyrir fyrirvaralaus og ástæðulausa brottvikningu úr starfi samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963. Kveður stefnandi stefnukröfuna, eins og hann hefur breytt henni í kr. 124.906.39, vera þá fjárhæð, sem hann eigi inni hjá stefnda vegna vangreiddra launa fyrir tímabilið 27. október 1965 til 21. október 1966, en framhaldsstefnukrafan, kr. 118.268.30, miðist við þau laun, sem honum hefði borið sem skipstjóra á m/s Jarlinum frá 22. október 1966 til 4. febrúar 1967, eða þar til 3 mánuðum eftir að m/s Jarlinn lét úr höfn hinn 5. nóvember 1966.

Stefnandi, sem komið hefur fyrir dóm í málinu, hefur skýrt svo frá, að frá því að skipinu hafi verið lagt í ágústmánuði 1966 í höfn í Reykjavík til viðgerðar og þar til það hafi siglt í nóvember s. á. til Færeyja, hafi hann aldrei verið beðinn af útgerð skipsins að afhenda lykla eða skipspappíra. Hins vegar hafi Skipa- og vélaeftirlitið fengið afhenta skipspappíra þá, sem getið sé á dskj. nr. 12, hinn 26. september 1966 vegna viðgerðar skipsins og eins og dskj. nr. 11 ber með sér, hafi hann afhent Guðna Jóhannssyni lykla skipsins hinn 4. nóvember 1966, eins og áður greinir. Stefnandi segir, að sér hafi aldrei, hvorki munnlega né skriflega, verið sagt upp starfi sem skipstjóra á umræddu skipi á áðurgreindu tímabili, þ. e. frá í ágúst til 4. nóvember 1966. Þá kveðst stefnandi hafa haft daglegt eftirlit með m/s Jarlinum frá 19. ágúst 1966 til 4. nóvember s. á., en eftirlitið hafi ekki verið í því fólgið, að hann stæði vaktir. Kveður stefnandi skipið hafa verið í slipp framangreindan tíma að undanskildum 3—4 dögum, sem það hafi legið við bryggju. Stefnandi kveðst ekki hafa verið beðinn að annast þetta eftirlit af neinum, en kveðst hafa talið það skyldu sína sem skipstjóra, enda kveðst hann hafa talið sig vera skipstjóra á þessum tíma, þar sem hann hafi aldrei neina uppsögn fengið.

Jón Franklín útgerðarmaður, sem komið hefur fyrir dóm í málinu, hefur skýrt svo frá, að hann hafi engan þátt átt í því að ráða stefnanda til þessa eftirlits, sem hann kveðst hafa haft

með skipinu, á meðan það hafi verið í slipp í Reykjavík. Kveðst nefndi Jón Franklín telja, að afskipti Útvegsbankans af skipinu hafi byrjað, þegar það hafi komið úr Skerjafirði eftir strandið og farið í slipp. Jón kveðst ekki muna, hvort hann hafi beðið um afskráningu á skipshöfninni, á meðan skipið lá í Skerjafirði. Kveður hann aðeins koma til greina, að Gunnar Halldórson, Rafn Kolsson eða hann sjálfur hafi gert það. Jón kveðst hafa komið í slippinn annað slagið, á meðan skipið hafi verið í viðgerð, og kveður hann vel geta verið, að Rafn Kolsson, þ. e. stefnandi, hafi komið þar eitthvað einnig, en hann kveðst ekki muna það vel. Hann segir, að Guðni Jóhannsson hafi farið með m/s Jarlinn til Færeyja til endanlegrar viðgerðar, en Guðni sé starfsmaður Útvegsbankans. Sömuleiðis mun Guðni hafa beðið um slipppláss fyrir skipið hér í Reykjavík.

Eins og áður er fram komið, reisir stefnandi kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að hann eigi inni kaup hjá stefnda frá þeim tíma, sem hann var í þjónustu hans, og í öðru lagi á því, að honum beri kaup til viðbótar í þrjá mánuði vegna fyrirvaralausrar og ástæðulausrar brottvikingar úr starfi, samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963.

Stefndi styður hins vegar kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi hafi ekki verið í þjónustu hans lengur en til 20. ágúst 1966, og skuldi hann stefnanda aðeins vangoldið kaup til þess tíma, kr. 31.738.66. Stefnandi hafi verið ráðinn til einnar ferðar í einu, en ekki til óákveðins tíma, og eigi hann því ekki rétt á uppsagnarfresti. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum í málinu en framangreindri upphæð.

Aðiljar málsins eru sammála um, að stefndi skuldi stefnanda vangoldin laun frá árinu 1965 að upphæð kr. 13.332.85. Fyrir tímabilið frá 1. janúar 1966 til 20. ágúst 1966 telur stefnandi stefnda skulda sér vangoldin laun að upphæð kr. 43.737.50, en stefndi hefur aðeins viðurkennt skuld fyrir nefnt tímabil að upphæð kr. 18.405.81, eða alls frá árunum 1965 og 1966 kr. 31.738.66. Það, sem á milli ber, eru kr. 25.331.69, sem er krafín greiðsla fyrir 12 daga vegna almennrar styttingar vinnuvikunar í 44 klst. samkvæmt 3. gr. kjarasamningsins, er um getur hér á eftir, kr. 18.519.36, og mismunur á gjaldeyrisúttekt, er færð hefur verið stefnanda til skuldar á viðskiptareikningi hans, kr. 47.223.91, og úttektar þeirrar, sem stefnandi hefur viðurkennt, kr. 40.411.58, eða kr. 6.812.33.

Stefnandi hefur lagt fram samning milli H/f Eimskipafélags

Íslands, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, Jökla h/f, Hafskips h/f, Sambands ísl. samvinnufélaga, skipadeildar, annars vegar og Skipstjórafélags Íslands hins vegar og byggir rétt sinn á honum.

Kveður stefnandi útreikninga á kaupum hans til loka ágústmánaðar 1966 gerða af Bergi Þorleifssyni að tilhlutan stefnda, og hefur Bergur staðfest það og kveður útreikningana gerða samkvæmt greindum samningi, en hefur tekið fram, að útgerðarstjórar stefnda hafi verið tveir og upplýsingar þeirra hafi verið mjög mismunandi um, hvað gera ætti í hverju tilfelli í launaútreikningum.

Stefndi hefur út af fyrir sig ekki mótmælt því, að kaup stefnanda beri að miða við þennan samning. Þykir því mega leggja hann til grundvallar útreikningi kaupsins.

Þann 20. ágúst 1966 hafði stefnandi ekki starfað 1 ár hjá stefnda. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefnds kjarasamnings verður stefnda því eigi talið skylt að greiða stefnanda framangreindar kr. 18.519.36 vegna almennrar styttingar vinnuvikunnar.

Stefndi hefur ekki þrátt fyrir áskoranir þar um lagt fram kvittanir eða önnur gögn fyrir gjaldeyrisúttekt þeirri, kr. 47.223.91, sem hann hefur skuldfært stefnanda fyrir. Gegn mótmælum stefnanda þykir því ekki sannað, að gjaldeyrisúttekt hans hafi numið meiru en kr. 40.411.58. Samkvæmt þessu hefur skuld stefnda við stefnanda, miðað við 20. ágúst 1966, numið kr. 38.550.99.

Þá krefur stefnandi í aðalsök um laun sem hér segir:

Frá 21. ágúst til 31. ágúst 1966	kr. 12.014.28
Fyrir septembermánuð 1966	— 31.788.77
Fyrir tímabilið 1. október til 21. október 1966 —	24.032.99

Samtals kr. 67.836.04

Eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki verið í þjónustu hans eftir 20. ágúst 1966, og eigi hann því engan rétt til launa frá stefnda eftir þann tíma.

Stefndi hefur látið hjá líða að gera við stefnanda skriflegan ráðningarsamning, er hann réðst skipstjóri á skip hans, Jarlinn, eins og honum var þó skylt samkvæmt 1. gr. sjómanna laga nr. 67/1963. Eigi er sannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi hafi verið ráðinn til tiltekins tíma.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því, að fyrir liggur í

málinu útreikningur á launum stefnanda til loka ágústmánaðar 1966, gerður að tilhlutan stefnda, þykir verða að líta svo á, að ráðning hans hafi gilt, þar til viðurkennd uppsögn átti sér stað hinn 4. nóvember 1966. Af þessu leiðir, að stefnandi á og rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1963, þannig að stefnda ber að greiða honum laun til 4. febrúar 1967.

Í málinu liggja fyrir útreikningar á kaupum stefnanda, og samkvæmt þeim nam kaup hans frá 21. ágúst—21. október kr. 67.836.04. Útreikningum þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt af hálfu stefnda. Þykir því mega leggja þá til grundvallar, og verður því kröfuliður þessi tekinn til greina óbreyttur.

Enn fremur liggur fyrir kaupútreikningur stefnanda frá 22. október 1966 til 4. febrúar 1967, kr. 118.268.30, og hefur þeim útreikningi ekki heldur verið mótmælt tölulega. Þykir því einnig mega leggja hann til grundvallar, og verða þessir kröfuliðir einnig teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 224.655.33 ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir af kr. 106.387.03 frá 1. nóvember 1966 til 4. febrúar 1967 og af kr. 224.655.33 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 41.000.00. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar kröfum þessum. Staðfest er löghald í m/s Jarlinum, TFEE (nú m/s Suðra, TFEE), sem gert var 27. október 1966 og 26. janúar 1967.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Halldóri Ingimarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Framangreindar löghaldsgerðir eru staðfestar. Stefndi, Jarlinn h/f, greiði stefnanda, Rafni Kolssyni, kr. 224.655.33, með 7% ársvöxtum af kr. 106.387.03 frá 1. nóvember 1966 til 4. febrúar 1967 og af kr. 224.655.33 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 41.000.00 í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinn, TFEE), til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Reykjavíkur 27. október 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 27. október, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 95/1966: Rafn Kolsson gegn Jarlinum h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 bréf með greinargerð, svohljóðandi:

Þorsteinn Júlíusson héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda og krefst löghalds fyrir kr. 139.807.34 með vöxtum og kostnaði við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir.

Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður mætir fyrir gerðarþola. Hann kveðst ekki greiða skuldina, en samþykkir að gerðin fari hér fram, en um leið telur hann kröfur gerðarbeiðanda rangar og áskilur allan rétt til varna og mótmæla í staðfestingarmáli.

Hann bendir á til löghalds m/s Jarlinn, TFEE, sem liggur hér í höfninni, og fellur frá löghaldstryggingu, enda er ekki krafizt farbanns.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í m/s Jarlinum, TFEE, og er Áka Jakobsyni hæstaréttarlögmanni kunn þýðing þess.

Löghaldsgerð fógetadóms Reykjavíkur 26. janúar 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 26. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 1/1967: Rafn Kolsson gegn Jarlinum h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 yfirlýsingu gerðarbeiðanda, svohljóðandi:

Þorsteinn Júlíusson héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda.

Hann krefst löghalds fyrir kr. 118.268.30 auk kostnaðar við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir.

Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður mætir fyrir gerðarþola. Hann mótmælir því, að krafa þessi sé rétt, en samþykkir, að löghald fari fram hér á skrifstofunni. Kveðst hann falla frá tryggingu, enda verði ekki lagt farbann á m/s Jarlinn, TFEE, sem hann vísar á til löghalds.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í m/s Jarlinum, TFEE. Áka Jakobsyni hæstaréttarlögmanni er kunn þýðing löghaldsins.